

GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamband Suðurlands.

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er kr. 1.700 á kú eða kr. 1.500 á kú sem er í skýrsluhaldi. Gjaldið er óháð fjölda sæðinga.

2. gr.

Gjald fyrir ýmsa vinnu eða sérhæfðar einstaklingsleiðbeiningar. Fyrir vinnu við ómsjarmælingar lamba, áætlanagerð (rekstrar, áburðar og fódurs), skurðamælingar og fleiri verkefni sem undir lögin falla er allt að kr. 5.000 á klukkustund.

3. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1. og 2. gr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. mgr. 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og tekur þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Búnaðarsamband Suðurlands nr. 1011/2001.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. mars 2006.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.